

Aðalfundar Foreldrafélags BES mánudaginn 10. september 2018 kl. 20:30

1. Skýrsla gjaldkera (gjaldkeri var fjarverandi svo ritari las upp skýrsluna)

Innistæða á reikning félagsins er 101.071 kr og einnig er til 27.650 kr í peningum sem notast sem skiptimynt á viðburðum, til að kaupa kaffi/djús/kex og þess háttar þegar við á.

Veturinn 2017-18 greiddi félagið 58.000kr. fyrir rútu sem ók eldri nemendum á leikhússýninguna Rocky Horror

Tekjur á kökusölu á árshátíð yngra stigs var 85.650kr

Styrkur til skólans til að kaupa Salatbar-kæliborð fyrir skólahúsið á Eyrarbakka í september 2018 er 100.000kr.

2. Skýrsla formanns lesin:

Síðastliðið vetur stóð félagið fyrir sölu á skólapeysum, var með jólabingó og jólaföngur og báðir viðburðir voru vel sóttir. Eftir áramót voru haldin 4 félagsvistarkvöld þar sem nemendur mættu spiluðu og nutu kaffiveitinga fyrir vægt gjald. Undir vor auglýstum við miða á forsýningu Rocky Horror, nemendum í 7-10 bekk bauðst að kaupa ódýra miða og félagið greiddi fyrir rúttuna.

3. Kosning stjórnar

Sara Dögg formaður, Lóa Björk ritari og Dorothee gjaldkeri gáfu allar kost á sér áfram í stjórn og Ásthildur Dögg kemur ný inn, ákveðið verður á fundi hjá stórninni fljótlega hvort það verði breyting á hlutverkum stjórnarmeðlima.

4. Önnur mál

- a. Rætt var um hlutverk félagsins, tengingu þess við skólaráð og mikilvægi þess að fara alla leið í bæjarráð með þau mál sem hægt væri að fá t.d. styrki frá sveitarfélaginu eða eitthvað sem þarf að bæta.
- b. Rætt var hvaða viðburðir væru ómissandi og hvert við stefnum þennan vetur, ákveðið var að hafa ekki skólapeysur til sölu þennan vetur, en athugum málið næsta haust.
- c. Rætt um mikilvægi þess að vera með virkt foreldrafélag og leiðir til að efla foreldrastarfið í skólanum okkar.

Fundi slitið kl. 21:40

-